

**Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að verklagsreglum um tillögur og fyrirspurnir í ráðum og nefndum sé fylgt**

Velferðarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja til að velferðarráð fylgi 3. gr. verklagsreglna um fyrirspurnir og tillögur í ráðum og nefndum Reykjavíkurborgar og setji tillögurnar sem fulltrúar minnihlutans leggja fram í velferðarráði á dagskrá funda ráðsins innan 30 daga. Engin tillaga frá velferðarráðsfulltrúum Sjálfstæðisflokks hefur verið sett á dagskrá ráðsins innan 30 daga tímafrestsins og sem stendur eru útistandandi tillögur orðnar margra mánaða gamlar. Velferðarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins biðla til formanns ráðsins og fulltrúa samstarfsflokka að sjá sóma sinn í að fylgja eigin verklagsreglum.